

Ár 2007, mánudaginn 14. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-542/2006:

Ágústa Hólm Jónsdóttir

(Jónas Haraldsson, hrl.)

gegn

Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

(Jóhannes Bjarni Björnsson, hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars s.l., er höfðað með stefnu birtri 22. ágúst s.l.

Stefnandi er Ágústa Hólm Jónsdóttir, kt. 000000-0000, Brandstöðum, Garðabæ.

Stefndi er Ísfélag Vestmannaeyja, kt. 000000-0000, Strandvegi 28, Vestmannaeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 712.951 krónu auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 504.330 krónum frá 15. janúar 2005 til 15. mars sama ár, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo að hún hafi frá árinu 1996 gegnt stöðu háseta á skuttogaranum Snorra Sturlusyni VE-28 sem stefndi á og gerir út. Hún hafi verið frá vinnu síðan í október 2005 vegna frítímaslyss, en þá hafi hún fótbrotnað og slitið liðbönd. Stefnandi hafi einnig verið óvinnufær tímabilið 1. nóvember 2004 til 19. janúar 2005 vegna aðgerðar á höndum. Hafi stefndi greitt staðgengilslaun í tvo mánuði vegna þessa, með réttum hætti að því er stefnandi taldi. Stefnandi segist hafa leitað sér lögmannaástoðar í febrúar 2006 vegna frítímaslyssins og hafi henni þá verið tjáð að samkvæmt sjómannalögum ætti hún rétt til slysa- og veikindakaups, þ.m.t. fullra launa, staðgengilslauna, fyrstu tvo mánuðina eftir slys. Hafi henni þá orðið ljóst að veikindalaun hefðu ekki verið rétt gerð upp vegna óvinnufærni hennar í kjölfar handaraðgerðarinnar.

Stefnandi segist hafa starfað eftir svokölluðu skiptimannakerfi, þ.e. hún fari í eina veiðiferð en sé í fríi þá næstu o.s.frv. Greiðslufyrirkomulag launa sé hins vegar þannig að hún fái greiddan hálfan aflahlut vegna hvarrar veiðiferðar til að jafna áhættuna af misjöfnu aflaverðmæti. Stefnandi telur hins vegar að stefnandi hafi einungis gegnt hálfri stöðu háseta um borð í skipinu og hafi hún því aðeins átt rétt á og verið skylt að fara annan hvern túr með skipinu á móti öðrum háseta, sem gegnt hafi stöðunni á móti stefnanda. Hafi honum með sama hætti verið rétt og skylt að fara annan hvern túr og sinna stöðu háseta um borð í skipinu að hálfu á móti stefnanda. Þá hafi skipverjar samið svo um sín á milli að þeir skipti til helminga þeim aflahlut sem til falli í hverri veiðiferð í því skyni að jafna áhættuna sín á milli vegna mismunandi aflaverðmætis.

Stefnandi segist hafa átt rétt á staðgengilslaunum í veikindaförföllum sínum í kjölfar handaraðgerðarinnar að hámarki í tvo mánuði samkvæmt 36. gr. sjómannalaga. Stefnandi hafi hins vegar greitt stefnanda laun með vísan til fyrr greinds skiptimannakerfis og greiðslufyrirkomulags í tvo mánuði og hafi stefnandi þar af leiðandi einungis fengið u.þ.b. helming af staðgengilslaunum háseta á hinu tveggja mánaða tímabili. Stefnandi segist hafa talið að stefnandi hefði gert upp laun í veikindaförföllum með réttum hætti en þegar í ljós hafi komið í mars 2006 að hún hefði ekki fengið greitt með réttum hætti hefði verið leitað til útgerðarstjóra stefnda og þess óskað að hlutur hennar yrði leiðréttur. Hafi þeirri beiðni verið hafnað þrátt fyrir að stefnandi hefði skömmu áður greitt stefnanda staðgengilslaun samkvæmt 36. gr. sjómannalaga, fullt kaup í tvo mánuði vegna slyssins í október 2005.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að hún hafi gegnt stöðu háseta á skuttogaranum frá því á árinu 1996 og hafi hún því öðlast rétt til staðgengilslauna í veikindaförföllum samkvæmt 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, að hámarki í tvo mánuði, en hún hafi forfallast frá vinnu vegna handaraðgerðar 1. nóvember 2004. Hafi stefnandi verið óvinnufær vegna aðgerðarinnar til og með 19. janúar 2005. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga skuli skipverji sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verði fyrir meðan á ráðningartíma hans standi, eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau séu greidd svo lengi sem hann sé óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Skipverji sem forfallist vegna veikinda eigi þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hafi verið í þjónustu útgerðarmanns. Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 36. gr. laganna taki skipverji, sem sé í launalausum frí er hann forfallast frá vinnu vegna slysa eða veikinda, laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Samkvæmt lögskráningarráttum hafi stefnandi verið lögskráð úr skiprúmi 2. október 2004 og hafi þá hafist launalaus frí hennar frá störfum á milli veiðiferða. Hefði stefnandi ekki þurft að fara í umrædda aðgerð hefði hún hafi störf á ný í veiðiferð sem hófst 17. nóvember sama ár. Miðist upphaf veikindalaunaréttar stefnanda, að afloknu launalaus leyfi, því við 17. nóvember sama ár og 2ja mánaða staðgengilslaunaréttur hennar í veikindaförföllum frá 17. nóvember sama ár til og með 16. janúar 2005.

Byggt er á því að samkvæmt launaseðlum dags. 22. desember 2004 og 14. janúar 2005 hafi heildarlaun stefnanda í veikindaforföllum frá 17. nóvember til 22. desember 2004 numið 495.253 krónum (4.032.625 – 3.537.372). Hásetahlutur í umræddri veiðiferð hafi numið 754.467 krónum. Af launaseðli sjáist að stefndi hafi ekki greitt stefnanda fullt kaup umræddan tús eins og honum hafi borið að gera samkvæmt framangreindu ákvæði sjómanna laga, heldur hafi hún fengið túsinn gerðan upp í samræmi við áðurgreint skiptimannakerfi og greiðslufyrirkomulag. Þá hafi stefnanda borið að fá greiðslu fyrir störf sín sem matsmaður um borð í skipi sínu, en því starfi hafi hún gegnt frá því í júní 2003. Nemi fast kaup matsmanna á frystitogara 31.500 krónum fyrir hverja veiðiferð. Þá telur stefnandi álag á aflahlut ekki rétt. Þá byggir stefnandi á því að samkvæmt launaseðlum dags. 3. og 28. febr. 2005, vegna veiðiferðar sem staðið hafi frá 2. janúar til 3. febrúar sama ár, hafi heildarlaun stefnanda numið samtals 388.592 krónum. Réttur stefnanda til staðgengilslauna hafi náð til 16. janúar 2005, eða í 15 daga af þeim 33 sem veiðiferðin hafi staðið yfir. Af því sjáist að launagreiðslur til stefnanda tímabilið frá 2.-16. janúar sama ár hafi numið 176.633 krónum ($388.592 * 15/33 = 176.633$). Eins og vegna fyrri veiðiferðarinnar hafi stefndi ekki greitt stefnanda fullt kaup í samræmi við ákvæði 36. gr. sjómanna laga. Stefnandi hafi einvörðungu fengið greiddan aflahlut, álag á hann og orlof þar ofan á, en ekki aðrar kjarasamningsbundnar greiðslur, þ.e. fæðispeninga, starfsaldursálag og hlífðarfatapeninga. Stefnandi telur því að staðgengilslaun stefnanda tímabilið 17. nóvember til 22. desember 2004 hefðu átt að nema 999.583 krónum og sundurliðar stefnandi fjárhæðina þannig að aflahlutur sé 754.467 krónur, 10% álag á aflahlut sé 75.447 krónur, fæðispeningar ($36 * 945$) séu 34.020 krónur, starfsaldursálag sé 6.358 krónur ($5.298 * 36/30$), hlífðarfatapeningar séu 5.518 krónur ($4.598 * 36/30$), fast kaup matsmanns 31.500 krónur og 10.17% orlof 92.273 krónur. Þá telur stefnandi að staðgengilslaun sín tímabilið 2.-16. janúar sama ár hefðu átt að nema 385.254 krónum og sundurliðar stefnandi fjárhæðina þannig að aflahlutur sé 286.586 krónur, 10% álag á aflahlut sé 28.659 krónur, fæðispeningar ($15 * 945$) séu 14.175 krónur, starfsaldursálag sé 2.480 krónur ($5.457 * 15/33$), hlífðarfatapeningar séu 3.473 krónur ($4.736 * 15/33$), fast kaup matsmanns 14.318 krónur ($31.500 * 15/33$) og 10.17% orlof 35.563 krónur.

Stefnandi byggir á því að staðgengilslaun stefnanda á fyrra tímabilinu hefðu átt að nema 999.583 krónum en veikindalaun hennar hafi einvörðungu numið 495.253 krónum. Gerir stefnandi því kröfu um mismuninn, 504.330 krónur. Með sama hætti gerir stefnandi kröfu um mismun vegna síðara tímabilsins eða 208.621 krónur ($385.254 - 176.633$). Heildarkrafa stefnanda er því 712.951 króna.

Stefnandi segir ljóst að á hinu tveggja mánaða tímabili hafi henni borið að fá öll þau laun greidd sem fylgt hafi stöðu háseta/matsmanns um borð í skipinu og breyti engu um þá niðurstöðu að umrætt skiptimannakerfi hafi verið í gildi um borð í skipinu.

Stefnandi vísar um lagarök til ákvæða sjómanna laga nr. 35/1985, aðallega á 6. og 36. gr. laganna, meginreglu vinnuréttar um greiðslu verkkaups og fordæmis Hæstaréttar. Þá er byggt á ákvæðum í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands. Dráttarvaxtakrafa er byggð á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 og krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir á því að uppgjör við stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga og kjarasamning aðila, grein 1.21. Stefndi telur málið fjalla um það hvort stefnandi eigi rétt til þess að fá laun í veikindaforföllum með sama hætti og hefði hún gegnt 100% stöðu háseta um borð í skipinu, þ.e. verið rétt og skylt að fara allar veiðiferðir skipsins. Telur stefndi stefnanda fara fram á það að algerlega verði litið fram hjá þeirri staðreynd, sem hún þó viðurkenni í stefnu, að hún hafi gegnt einni stöðu háseta um borð í skipinu á móti öðrum, sem átt hafi jafn mikinn rétt og hún til að fara helming allra veiðiferða með skipinu.

Stefndi hefur lagt fram yfirlit yfir launagreiðslur fyrir þrjár veiðiferðir á tímabilinu 7. október 2004 til 3. febrúar 2005, en þar kemur fram að stefnandi hafi verið í fríi í fyrstu veiðiferðinni, en fengið greiddar 446.608 krónur fyrir hana, en hinn hásetinn hafi fengið greiddar 494.729 krónur. Í annarri veiðiferðinni hafi stefnandi verið veik en fengið greiddar 495.253 krónur en hinn hásetinn, sem þá var í fríi, hafi fengið greiddar 430.398 krónur. Fyrir síðustu veiðiferðina frá 2. janúar til 3. febrúar 2005 hafi stefnandi fengið greiddar 388.592 krónur en hinn hásetinn 435.302 krónur. Stefndi telur ágreiningslaust að réttur stefnanda til veikindalauna geti ekki náð lengra en til 19. janúar 2005. Stefndi telur að stefnandi hafi í umræddum janúartúr ekki verið í vinnu eða ekki með vinnuskyldu, enda aðeins ráðin til að fara annan hvern túr með skipinu.

Stefndi telur nauðsynlegt að hafa í huga grundvallarrök að baki reglunum þegar ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaganna séu skýrð. Reglur um að launþegar skuli í ákveðinn tíma njóta fullra launa í forföllum vegna veikinda eða slysa byggja á sjónarmiðum um samhjálp og séu gerðar til að tryggja fjárhagslegt öryggi starfsmanna. Deila megi um hversu háar slíkar bætur skuli vera eða hversu lengi starfsmaður eigi að njóta þeirra og hafi sú niðurstaða fengist að verkamenn og sjómenn skyldu eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd, landverkamenn í einn mánuð en sjómenn í tvo mánuði. Hafi þessi regla verið nefnd staðgengilsreglan og bæturnar staðgengilslaun. Stefndi telur rétt viðkomandi ekki ráðast af launum staðgengils, heldur eigi sjómaðurinn rétt á að fá þau laun sem hann hefði fengið ef veikindi eða slys hefðu ekki komið í veg fyrir að hann gæti gegnt starfi sínu áfram. Stefndi telur koma skýrt fram í greinargerð með frumvarpinu og á umræðum á Alþingi að skýra beri 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga svo að ekki sé beinlínis ætlast til þess að menn græði fjárhagslega á veikindum, heldur að þeir verði ekki fyrir tapi. Stefndi telur það grundvallarreglu í vinnurétti að launþegi eigi ekki að hagnast á slysi eða veikindum á kostnað vinnuveitanda síns. Þá telur stefndi löggjafann ekki hafa heimild til þess að kveða á um skyldu vinnuveitanda til að greiða starfsmanni sínum bætur, sem séu hærri en umsamin laun. Þá verði að skýra ákvæðið með hliðsjón af grunnreglunni og með það í huga að löggjafanum sé óheimilt að mismuna vinnuveitendum með svo grófum hætti að einn afmarkaður og þröngur hópur þeirra, útgerðarmenn skipa, skuli gert að greiða launþegum sínum ekki aðeins bætur fyrir launamissi í tiltekinn tíma, heldur

greiðslur umfram sannanlega töpuð laun, þ.e. sérstaka þóknun eða aukagreiðslur vegna veikinda sem séu miklu hærri en þau laun sem launþeginn hefði getað unnið sér inn óforfallaður. Verði að gera kröfu til þess að frávík frá meginreglunni komi fram með skýrum hætti í texta laganna og að færð væru fram gild rök fyrir slíku frávíki í greinargerð. Hvorugu hafi verið fyrir að fara við setningu laganna. Stefndi telur liggja fyrir að stefnandi hafi verið í hálfu starfi. Hún hafi fengið greidd laun í veikindum sínum miðað við þau laun sem hún hefði fengið ef hún hefði ekki veikst. Geti stefnandi að mati stefnda ekki átt rétt á frekari launum og því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefndi telur að fullt samkomulag hafi verið með aðilum um uppgjör við stefnanda. Hafi stefnandi talið sig eiga aðrar og frekari kröfur á hendur stefnda hafi henni borið að gera þær strax í upphafi og það sé fyrst með málshöfðun þessari sem stefnandi setji fram kröfur um leiðréttingu. Fyrir liggja að stefnanda hafi verið kunnugt um þessar kröfur þar sem lögmaður hennar hafi gert áskilnað um frekari bætur í bréfi dags. 17. febrúar 2006. Stefnandi hafi kosið að fallast á þær kröfur sem fram hafi komið í bréfi lögmanns hennar og hafi stefndi mátt treysta því að um fullnaðaruppgjör væri að ræða og hafi stefnandi því tapað rétti til að hafa þær uppi síðar, hvað þá sjö mánuðum síðar. Hafi hún með tómlæti sínu firrt sig rétti til frekari greiðslna, hafi sá réttur yfirhöfuð verið til staðar.

Stefndi segir ekki rétt að með uppgjöri til stefnanda hafi verið fallist á þau rök sem málatilbúnaður hennar byggir á. Hafi uppgjörið byggst á sjónarmiðum um rétta túlkun á ákvæðum 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga á rétti til forfallalauna. Stefndi telur rétta túlkun þá að sjómaðurinn fái ekki forfallalaun þann tíma sem hann sé sannanlega ekki með vinnuskyldu eða vegna túra sem hann sé ekki ráðinn til að fara. Með þessu sé tryggt að réttarstaða sjómanna sem forfallist við vinnu sé sú sama og þeirra sem forfallast í launalausum leyfi eða milli veiðiferða og einnig að sjómaður hagnist ekki á því að forfallast frá vinnu.

Verði talið að í 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga felist réttur til handa stefnanda til að fá slysa- eða veikindalaun sem séu hærri en þau laun sem hún hefði notið óforfölluð, byggir stefndi á því að sýkna beri með vísan til þess að ákvæðið brjóti gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Þá telur stefndi slíka niðurstöðu brjóta í bága við 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Stefndi byggir á því að um sé að ræða inngríp í eignarrétt vinnuveitenda og tilfærslu á peningalegum verðmætum frá þeim til launþega við þær aðstæður. Hafi verið um það almenn sátt að það falli undir heimildir löggjafans að setja almenn lög um bætur fyrir launamissi í veikinda- og slysaforföllum. Við slíka lagasetningu verði löggjafinn að gæta að jafnvægi milli hagsmuna vinnuveitenda og launþega og jafnfram að slík inngríp séu almenn og vinnuveitendum sé ekki mismunað nema fyrir liggja rök sem standist þann mælikvarða að mismununin sé málefnaleg og í þágu almannahagsmuna. Stefndi telur það almenna reglu vinnuréttar að launþegar eigi ekki að hafa fjárhagslegan hag af veikindum sínum og hafnar því að hægt sé að finna því stoð eða réttlættingu að launþegi fái hærri greiðslur fyrir veikindi frá vinnuveitanda en sem svari til launamissis hans, hvað þá tvöföld laun í veikindaforföllum eins og grunnsjónarmið stefnanda byggir á.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda og telur að vexti ætti í fyrsta falli að dæma frá dómsuppsögudegi. Verði ekki á það fallist krefst stefndi þess að vextir

verði ekki dæmdir fyrr en frá 13. október 2006, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Stefndi vísar um málskostnað til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Stefnandi gegndi frá árinu 1996 stöðu háseta á skuttogaranum Snorra Sturlusyni VE-28 sem stefndi á og gerir út. Samkvæmt gögnum málsins hefur hún verið frá vinnu síðan í október 2005 vegna frítímaslyss, en þá mun hún hafa fótbrotnað og slitið liðbönd. Stefnandi var einnig óvinnufær tímabilið 1. nóvember 2004 til 19. janúar 2005 vegna aðgerðar á höndum. Stefnandi hefur greitt stefnanda staðgengilslaun í tvo mánuði vegna þessa, með réttum hætti að því er stefnandi taldi við móttöku uppgjörs. Stefnandi mun hafa leitað sér lögmannsaðstoðar í febrúar 2006 vegna frítímaslyssins og mun henni þá verið tjáð að samkvæmt sjómanna-lögum ætti hún rétt til slysa- og veikindakaups, þ.m.t. fullra launa, staðgengilslauna, fyrstu tvo mánuðina eftir slys. Segir stefnandi sér þá hafa orðið ljóst að veikindalaun hefðu ekki verið rétt gerð upp vegna óvinnufærni hennar í kjölfar handaraðgerðarinnar.

Stefndi gerði upp laun við stefnanda vegna þessara veikindaforfalla í desember, janúar og febrúar 2005 og heldur stefndi því fram að uppgjórið hafi verið í samræmi við þau ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómanna-laga að skipverji sem verði óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla meðan á ráðningartíma stendur, skuli ekki missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann sé óvinnufær, þó ekki lengur en tvo mánuði. Ekki liggur annað fyrir en að stefnandi hafi tekið við uppgjóri veikindalauna án nokkurs fyrirvara eða athugasemda. Það er fyrst með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda 17. febrúar 2006 sem gerð er krafa um vangreitt slysa kaup vegna fótbrotsins og jafnframt gerður áskilnaður um leiðréttingu á veikindalaunum vegna handaraðgerðarinnar. Mál þetta er ekki höfðað fyrr en 22. ágúst s.l., eða um einu og hálfu ári eftir athugasemdalaus móttöku launauppgjörs af hálfu stefnanda. Hefur stefnandi með þessu sýnt af sér stórfellt tómlæti um að halda fram ætluðum rétti sínum og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfu hennar.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri kvað upp dóminn. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna en lögmennt aðila töldu endurflutning óþarfan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ágústu Hólm Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.